

174

14. sept.

AUGLÝSING

um lokun sölubúða laugardaginn 16. september 1939.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, er hér með ákveðið að laugardaginn 16. sept. 1939 skuli öllum sölubúðum á landinu lokað, að undanskildum mjólkur- og brauðabúðum.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum allt að 10000 krónum.

Í ríkisstjórn Íslands, 14. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

175

14. sept.

AUGLÝSING

um breyting á bráðabirgðareglugerð frá 1. september 1939, um sölu og dreifing á nokkrum vörutegundum.

Undir aðrar kornvörur, sem taldar eru í 1. gr. reglugerðar um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum, teljast þessar kornvörutegundir:

Hrísmjöl, semuliugrjón, bygggrjón, mannagrjón, maisenamjöl, og ber því að krefja skömmtnarseðils fyrir þessum kornvörutegundum.

Í ríkisstjórn Íslands, 14. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

176

14. sept.

REGLUGERÐ

um sölu á kolum til húsa.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 36 12. júní 1939 er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Kolaverzlanir mega eigi selja meira magn af kolum til húsa (hitunar eða matgerðar) en sem svarar til mánaðarnotkunar, og eigi til annarra en þeirra, er venjulega skipta við þá. Hafi kolaverzlunin engin kol handa viðskiptamönnum sínum, en önnur kolaverzlun er á staðnum, gefur sú fyrrnefnda viðskiptamanni sínum vottorð um, að hann sé hennar venjulegur viðskiptamaður og tilgreinir mánaðarnotkun hans. Er öðrum kolaverzlunum heimilt að afgreiða kol gegn afhendingu þessa vottorðs.

2. gr.

Einstaklingum og stofnunum er bannað að kaupa kol nema fyrri birgðir séu þrotnar og þá eigi meir en svo, að birgðir séu til eins mánaðar.

3. gr.

Allir þeir, er verzla með kol, skulu 16.—17. sept. 1939 senda skömmtnarskrifstofu ríkisins skýrslu um birgðir sínar.